

Verklag vegna óveðurs

1. Skóli fellur almennt ekki niður vegna veðurs. Hann er alltaf opinn nemendum og reynt er að halda uppi kennslu skv. stundaskrá sé það mögulegt, með tiltækum starfsmönnum í skólanum eða skólavist.
2. Tilkynning um að **ferðir skólabíls falli niður** vegna veðurs, eru settar á heimasíðu skólans um leið og það er ljóst.
www.barnaskolinn.is
3. Símvarsla er í skólanum frá kl. 7:30 alla virka daga. Þar fást einnig upplýsingar um stöðu mála.
4. Foreldrar/forráðamenn nemenda meta sjálfir hvort þeir senda börn sín í skólann ef veður eru válynd og skólabíllinn gengur ekki. Þeir bera þá ábyrgð á ferðum þeirra til og frá skóla. Ef þeir senda börnin ekki í skólann þá láta þeir vita af því í síma skólans 480-3200 (aðalnúmer), 480-3205 (Eyrarbakki) eða 480-3206 (Stokkseyri).